

Föstudagur 23. október 2009

Hreyfimynd af áhyggjum. Ég rakst á þessa mynd og fannst hún athyglisverð. Hún er á dönsku og segir þetta: "Á Danmörk að verða sveitahérað í stórríki ESB? Nei takk." Svo hreyfist myndin og breytast þá allar gulu stjörnurnar í ESB-fánanum í eina gula stjörnu (ekki rauð enn). Hvar sá ég þessa mynd? Jú, hún er á heimasíðu "dönsku samtakanna um stjórnarskrárvernd". Tilgangur þessara samtaka er að útbreiða þekkingu á stjórnarskrá danska ríkisins og ákvæðum hennar um eftirgjöf fullveldis. Yfirlýst verkefni samtakanna er að tryggja að tilgangur stjórnarskrár danska ríkisins sé varðveittur og að stjórnarskrárréttur danskra ríkisborgara sé virtur. Svona samtök þyrftu að vera til á Íslandi. En kannski eru þau til og ég bara fáfróður. Áhyggjurnar yfir þessari sífelldu eyðni þjóðríkjanna í Evrópusambandinu eru víða til staðar í löndum ESB - og þær eru þar ekki að ástæðulausu; Heimasíða dönsku samtakanna; [Grundlovsvern](#)



Deutsche Bank (DB) birti í gær skýrslu um bygginga- og fasteignamarkaðinn á Spáni. DB kom ekki með yfirlit yfir óseldar nýbyggðar eignir eða fjölda óseldra eigna í byggingu. En í tölum DB sést að fjöldi nýrra byggingaleyfa á mánuði hefur fallið frá 20.000 til 3.500 eða um ca. 82%. Hér er um tímabilið 2005-2009 að ræða. Hlutfall atvinnuhúsnaðis sem stendur tóm hefur hækkað frá 2% í 9% frá 2000 til 2009 - og frá 5% til 9% frá 2007 til 2009. Verð hafa aðeins lækkað um ca. 10% í Madríd og um 20% í Katalóníu frá 2008 til í dag. Atvinnuhúsnaði hefur fallið meira en íbúðarhúsnaði enn sem komið er. Verð eru fallandi og munu halda áfram að falla. [DB Research](#)



Fimmtudagur 22. október 2009

Hallamælingar undir gólfteppum fjármálaráðuneytis nýju ríkisstjórnar George Papaconstantinou í Grikklandi hafa leitt í ljós miklu meiri halla á rekstri gríska ríkisins en fyrri ríkisstjórn lét uppi. Hallinn þetta árið er 12,5% af landsframleiðslu Grikklands og er sem sagt miklu verri en áætlað var. "Leikurinn er búinn fyrir Grikkland og við krefjumst alvöru upplýsinga" sagði Jean-Claude Juncker fjármálaráðherra stórhertogadæmis Lúxemburgar, sem er í hinum enda Evrópu. Juncker, er einnig formaður hinnar svo nefndu evrurgrúpu.



Seðlabanki Grikklands bætti svo gráu ofan á svart með því að tilkynna að skuldir gríska ríkisins hafi hækkað frá 99,2% hlutfalli landsframleiðslu og upp í 111,5% frá síðustu áramótum til júní í ár. Sumir hagfræðingar spá að skuldir gríska ríkisins muni hækka í 150% hlutfall af landsframleiðslu áður en árið 2016 rennur upp. Þetta er meira en tvöfalt meira en heimild er fyrir samkvæmt reglum myntbandalags ESB. Þessar nýjustu upplýsingar frá Grikklandi hafa minnt menn á atburði frá árinu 2000 þegar Grikkland gaf upp of lágar

tölur um fjárlagahalla til þess að geta komist með í myntbandalagið sem þeir svo komast ekki aftur út úr núna. Joaquín Almunia kommissar myntbandalagsins segir að krafist verði opinnar rannsóknar; [FT](#)

Alistair Darling fjármálaráðherra Bretlands hefur skorið niður fjárstreymi Breska ríkisins til eyjarinnar Mön. Þetta gerir Darling með því að laga einhliða til fyrirkomulag 400 ára gamallar reglu um deilingu tollatekna á milli Bretlands og [Mön](#). En Mön og Bretland eru í mynt- og tollabandalagi. Þetta þýðir að tekjur eyjarinnar munu snar minnka og hækka þarf skatta. Þetta hefur þau slæmu áhrif að lánshæfnismat Mön er nú í alvarlegri hættu á að verða lækkað verulega enn frekar en orðið er. Þessi aðgerð fjármálaráðherra Bretlands er varla tilkomin vegna annars en að hann vilji koma á hærrí sköttum á eyjunni; [Telegraph](#)



Miðvikudagur 21. október 2009

Evrán er stórslys fyrir efnahag og iðnað Evrópu á því gengi (\$1,50) sem hún er á núna gagnvart dollar, segir Henri Guaino sem er hægri hönd Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta. Núna er það Kína sem leikur sér að piparmynt elliheimilis Evrópusambandsins, evru: [bloggfærsla](#)

Þriðjudagur 20. október 2009

Giulio Tremonti fjármálaráðherra Ítalíu segir að kostir hreyfanleika vinnuafis innan landa Evrópusambandsins séu ofmetnir. Reyndar segir ráðherrann að grunnur samfélagslegs stöðugleika á Ítalíu sé að vinnuafli geti ekki óhindrað flutt sig til og frá Ítalíu. Það sé betra að hafa fasta vinnu með mannsæmandi heilbrigðis- og félagslegri þjónustu en að hafa hinn innri hreyfanleika vinnuafis á milli landa. Það sé ekki eftirsóknarvert að herma eftir Bandaríkjunum - (eins og reynt er að gera með Evrópusambandinu?); [La Repubblica](#)



Mansal í Evrópusambandinu: Talsmaður Sameinuðu Þjóðanna segir að það séu um 270.000 fórnarlömb mansals á landsvæði Evrópusambandsins. Segir S.P. að stjórnvöld í Evrópu þekki aðeins brot vandans þegar að mansali kemur og að innan við einn af hverjum 100.000 sé dæmdur fyrir mansal í Evrópu. S.P. áætla að þrjátíu sinnum fleiri manneskjur séu fórnarlömb mansals en vitað sé um í Evrópusambandinu. Samkvæmt fréttinni er meirihluti fórnarlamba mansals konur sem neyddar eru til vændis en karlmenn séu hinsvegar oft neyddir til þess að vinna í byggingarvinnu eða á bóndabýlum; [Morgunblaðið](#) (síða 12 19/10/2009)

EUROPEAN UNION 11 OCTOBER 2009
Um 270.000 fórnarlömb mansals á svæði ESB
Itinn við einn af hverjum 100.000 er dæmdur fyrir mansal

Útflutningur heldur áfram að dragast saman á evrusvæði og í Evrópusambandinu í heild á milli júlí og ágúst mánaða. Þessar tölur hafa dregið talsvert úr vonum manna um að efnahagsbati sé á leiðinni eða jafnvel kominn í gang eftir að tölur frá júní-júlí höfðu gefið til kynna 4,7% vöxt í útflutningi evrusvæðis og 3% í ESB í heild. En seinustu tölur benda til þess að batinn sé ekki til staðar ennþá. En nú er sem sagt vöxtur útflutnings máður út aftur; [FT](#) | [Eruostat](#)

Vöxtur útflutnings á milli mánaða júlí til ágúst 2009 (árstíðaleiðrétt)	
Land	Vöxtur
Italy	-19,10%
Poland	-14,60%
Denmark	-12,50%
Malta	-10,00%
Finland	-9,10%
Greece	-6,10%
Evrusvæði	-5,80%
Ireland	-5,00%
Hungary	-4,40%
EU27	-4,20%
Luxembourg	-4,20%
France	-3,20%
Germany	-3,00%
Portugal	-2,50%
Cyprus	-2,40%
Belgium	-1,10%
Slovakia	-1,10%
Netherlands	-1,00%
United Kingdom	-0,70%
Austria	-0,40%
Spain	0,70%
Slovenia	1,20%
Latvia	2,70%
Czech Republic	2,80%
Romania	6,70%
Lithuania	7,40%
Sweden	7,60%
Estonia	8,50%
Bulgaria	33,20%

Vöxtur útflutningur á fyrstu 7 mánuðum ársins miðað
við sama tíma á síðasta ári
(ekki árstíðaleiðrétt)

	Jan-Júl 08	Jan-Júl 09	Vöxtur	
Land	Miljarðar evrur	miljarðar evrur	Vöxtur	Árangur: miljarðar evrur
Finland	40,0	25,6	-36%	-14,4
Lithuania	9,5	6,4	-32%	-3,1
Sweden	76,6	53,1	-31%	-23,5
Bulgaria	9,3	6,4	-30%	-2,9
Estonia	4,9	3,6	-27%	-1,3
Latvia	4,0	2,9	-27%	-1,1
Czech Rep.	60,5	45,7	-25%	-14,8
Portugal	23,8	17,9	-25%	-5,9
Italy	224,5	171,5	-24%	-53,0
Hungary	44,6	33,8	-24%	-10,8
Malta	1,1	0,8	-24%	-0,3
Austria	74,6	56,7	-24%	-17,9
Slovakia	28,5	21,8	-24%	-6,7
UK	188,2	143,1	-24%	-45,1
Belgium	196,1	152,0	-23%	-44,1
Germany	597,4	457,8	-23%	-139,6
Poland	69,5	53,5	-23%	-16,0
Slovenia	14,1	10,9	-23%	-3,2
France	249,6	198,4	-21%	-51,2
Netherlands	255,8	201,4	-21%	-54,4
Cyprus	0,7	0,5	-20%	-0,2
Spain	111,7	90,2	-19%	-21,5
Romania	20,3	16,4	-19%	-3,9
Denmark	46,8	38,6	-18%	-8,2
Greece	10,1	8,4	-18%	-1,7
Luxembourg	10,0	8,8	-12%	-1,2
Ireland	50,1	50,5	1%	0,4

Mánudagur 19. október 2009

Vilji 500 milljón þegna Evrópusambandsins; Í fréttatilkynningu utanríkisráðherra Frakklands, Bernard Kouchner, segir: "umfram allt er það viðhorf forseta Tékklands, Vaclav Klaus, sem er vandamálið [hann er "sannfærður og viðhaldandi ESB-efasemdamaður", en það er vandamál í ESB, allir



verða að elska viljann]. "Sumir mæla með að forsetanum sé ekki ögrað í þeirri von að honum muni ekki endast hugrekkið til að halda áfram að seinka staðfestingu nýju Lissabon stjórnarskrárinnar fram að kosningunum í Bretlandi. Persónulega finnst mér að við [?] ættum að vera fasthentir hér því allir aðrir hafa kosið [?? enginn hefur kosið nema Írar, og meira að segja tvisvar] og þar á meðal eru Tékkar. Einn maður mun ekki geta vitað hvernig á að hunsa vilja 500 milljón þegna Evrópusambandsins [aftur; enginn þeirra var spurður nema Írar]. Evrópuráðið mun koma saman í næsta mánuði og það verður rétta tækifærið til að sannprófa staðfastan vilja þegna Evrópusambandsins [sem eru ekki til staðar og hafa ekki verið spurðir að neinu] og til að setja öflugan þrýsting á forseta Tékklands."; [Open Europe](#) Kannski endar þetta með *sigri viljans*.

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>